

ÁRSSKÝRSLA 2024



Héraðsskjalasafn
Árnesinga



Útgefandi:

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Austurvegi 2

800 Selfoss

482 1259

myndasetur.is

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Másson

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Másson

Prófarkalestur: Hannes Stefánsson

ISSN númer 2298 - 1020

Forsíðumynd: Mjólkurbú Flóamanna. Mynd úr safni Brynjólfs Sveinbergssonar mjólkurfræðings sem starfaði við búið á árunum 1956-1958. Ljósmyndari óþekktur.

Baksíðumyndir: Rúta frá Bifreiðastöð Steindórs í Reykjavík stendur fyrir utan ferðaskrifstofu Mjólkurbús Flóamanna og Kaupfélag Árnesinga við Austurveg, verkstæðishús kaupfélagsins og húsið Staður í baksýn. Ártal óþekkt (líklega tekin á tímabilinu 1955-1957). Ljósmyndari Ingimundur Marelsson.

Horft til Eskifjarðar á ferðalagi árið 1962. Fjölskyldubíll Ingimundar Marelssonar í forgrunni. Ljósmyndari Ingimundur Marelsson.

Starfsmannaferð verkstæðismanna í Kaupfélagi Árnesinga á Kirkjubæjarklaustur, ártal óþekkt (kringum 1957 en ekki skráð). Ljósmyndari Ingimundur Marelsson.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

ÁRSSKÝRSLA 2024



EFNISYFIRLIT

Héraðsskjalasafn Árnesinga 2024	5
Innri starfsemi	6
Stjórn og starfsfólk	7
Persónuverndarfulltrúi	7
Breytingar á lögum	8
Húsnæðismál	9
Rekstur	10
Aðgengi og þjónusta	11
Aðgengi	11
Skjalaskrár	12
Fyrirspurnir og erindi	13
Sérfræðipækking starfsfólks	15
Skjalavarsla og skjalastjórn	16
Afhendingar pappírsskjala	16
Afhendingar rafrænna gagna	17
Skjalaskráning	18
Opinber skjöl og einkaskjöl	19
Rafræn skjalavarsla	20
Eftirlit og ráðgjöf	21
Kortlagning gagnasafna	22
Eftirlitsheimsóknir	22
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir	23
Miðlun og rannsóknir	24
Miðlun ljósmynda	25
Miðlun skjala	26
Rannsóknir	27
Samstarf, ráðstefnur og viðburðir	28
Samstarf MHR og NEA	28
Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi	29
Fundur opinberra skjalasafna	30
Samráðshópur um einkaskjalasöfn	30
Viðburðir	31
Fyrirlestrar	32
Afhendingar 2024	33

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA 2024

Það var í mörgu að snúast á árinu. Fjöldi fyrirspurna og erinda hefur aldrei verið meiri og ráðgjöf starfsfólks vegna skjalahalds og skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana þeirra snerist að miklu leyti um rafræn skil og undirbúning á afhendingum rafrænna gagnasafna. Starfsfólk tók á móti fjölmörgum afhendingum, skráði þær og gerði aðgengilegar. Hlutverk persónuverndarfulltrúa var eins og undanfarin ár viðamikil og studdi sú vinna við eftirlits- og ráðgjafahlutverk safnsins.

Héraðsskjalasafnið tók á móti fjórum rafrænum gagnasöfnum á árinu. Samhliða skilum á pappírsskjalasöfnum sveitarfélaga fór starfsfólk safnsins í samvinnu við starfsfólk sveitarfélaganna yfir rafræn gagnasöfn. Þetta á við um gögn sem varðveitt eru í málakerfum og gögn utan kerfa. Þessi vinna var unnin í sameiningu af starfsfólki safnsins, Miðstöð Héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) og Netværket Elektronisk Arkivering (NEA) sem Borgarskjalasafn Kaupmannahafnar á og rekur.



INNRI STARFSEMI

Starfsemi héraðsskjalasafnsins var að mestu með hefðbundnu sniði. Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og reglur sem settar eru á grundvelli laganna mynda rammann um lögbundna starfsemi. Starfsemi héraðsskjalasafnsins er í meginatriðum fjórpætt, þ.e.:

- Viðtaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila
- Skráning og aðgengi að safngögnum
- Eftirlit og ráðgjöf með skjalahaldi afhendingarskyldra aðila
- Miðlun og rannsóknir á safngögnum

Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun – sameiginlegt minni íbúa og sveitarfélaga. Hlutverk safnsins og þýðing fyrir réttindi íbúa, gagnsæi í stjórnsýslu sveitarfélaga og rekjanleika stjórnsýsluákvæðana er óumdeilt. Héraðsskjalasafnið er samofið stjórnsýslu og héraðsmenningu. Það er ein af grunnstöðum þeirra innviða sem við kennum við opið og lýðræðislegt samfélag.

Stafræn vegferð sveitarfélaganna fer hönd í hönd við stafræna vegferð skjalasafnsins. Uppbygging stafrænna innviða safnsins tekur mið af lögbundnum skyldum safnsins og þeim stafrænu lausnum sem íbúum standa til boða.



STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn héraðsskjalasafnsins er skipuð af Héraðsnefnd Árnésinga bs. Formaður stjórnar er Gestur Þór Kristjánsson úr Ölfusi, aðrir stjórnarmenn eru Brynhildur Jónsdóttir úr Árborg og Jón Bjarnason úr Hrunamannahreppi. Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru tæplega fjögur.

Héraðsskjalavörður er Þorsteinn Tryggvi Másson og skjalaverðir Guðmunda Ólafsdóttir og F. Elli Hafliðason. Starfsfólk í sérverkefnum ýmiss konar voru Katrín Rut Sigurgeirsdóttir og Rakel Ýr Stefánsdóttir.

PERSÓNUVERNDAR-FULLTRÚÍ

Héraðsskjalasafnið gegnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings. Hlutverkið samræmist vel annarri starfsemi safnsins og tryggir ásamt öðrum sérverkefnum fjórða stöðugildið. Sérfræðiþekking starfsfólks á sviði persónuverndarréttar vegna aðgengis að gögnum sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar nýtist vel og styður við þetta hlutverk safnsins.

Bláskógabyggð	Héraðsskjalasafn Árnésinga	Stjórn Héraðsskjalasafns Árnésinga	Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnésinga bs.	Héraðsnefnd Árnésinga bs.	
Flóahreppur					
Grímsnes- og Grafningshreppur					
Hrunamannahreppur					
Hveragerðisbær					
Skeiða- og Gnúpverjahreppur					
Sveitarfélagið Árborg					
Sveitarfélagið Ölfus					

BREYTINGAR Á LÖGUM

Pann 5. júlí 2024 tóku mikilvægar breytingar á lögum um opinber skjalasöfn gildi. Breytingarnar snúa að stjórnsýslu opinberra skjalasafna, gjalddökuheimildum og stafrænuvæðingu stjórnsýslunnar.

Lögfest var sú meginregla að skjöl afhendingarskyldra aðila sem mynduð eru með rafrænum hætti verði afhent á rafrænu formi á opinber skjalasöfn. Breytingin styður við stafræna vegferð ríkis og sveitarfélaga og er ætlað að tryggja að rafræn gögn séu varðveitt á rafrænu formi til langframa.

Pá voru heimildir opinberra skjalasafna til gjalddöku gerðar skýrari og héraðsskjalasöfnunum heimilt að setja sér gjaldskrá yfir ákveðna þjónustu, s.s. móttöku, vörslu, ráðgjöf og eftirlit, varðveislu skjala o.fl. Gjaldskrár skulu taka mið af þeim kostnaði sem hlýst af varðveislu skjala og skulu ekki vera hærri en raunkostnaður að teknu tilliti til húsnæðis-, launa-, rekstrar- og efnis-kostnaðar vegna þjónustunnar og afskrifta af búnaði.

Samkvæmt lögum eiga sveitarfélögin sjálf að bera kostnað af langtímavörslu skjala sinna. Gjaldtökuheimildunum er ætlað að tryggja jafnræði milli sveitarfélaga óháð því hvort þau eigi og reki eigið opinbert skjalasafn eða afhendi skjöl sín á Þjóðskjalasafn.

Sveitarfélögin eru sjálfstæð stjórnvöld og mikilvægt að þau hafi fullt og óskorað vald og aðgengi að eigin skjölum. Það gera þau með rekstri héraðsskjalasafna þar sem þjónustan er veitt heima í héraði og í nánú sambandi við stjórnsýsluna og íbúa sveitarfélaganna.

HÚSNÆÐISMÁL

Héraðsskjalasafnið er til húsa að Austurvegi 2 á Selfossi í ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar. Þá er safnið með skjalageymslu í Háheiði 9 á Selfossi þar sem einnig er vinnu- og skráningarrými. Nokkuð magn skjala er enn varðveitt á Byggðasafni Árnesinga á Eyrarbakka.

Á árinu var stigið stórt skref þegar Héraðsnefnd Árnesinga bs. ákvað að ganga til samninga við Hrunamannahrepp um leigu á 327 m³ húsnæði við Hrunamannaveg 3 á Flúðum og innrétta sem skjalageymslu. Þar verða settar upp vinnustöðvar til að skrá skjöl og afgreiða og þá er gert ráð fyrir því að stærstum hluta safnkostsins verði komið fyrir í þessari geymslu.

Á Flúðum er einnig gert ráð fyrir því að varðveita rafræn gögn sveitarfélaga í sérstöku rými. Horft er til þess að hýsing á rafrænum gögnum verði ISO 27001 vottuð.

Áfram verður leitað að hentugu skrifstofu- og þjónustuhúsnæði fyrir starfsemi safnsins á Selfossi. Parfagreining hefur verið unnin og gert er ráð fyrir því að skrifstofu- og vinnurými, móttaka og lestrarsalur auk skjalageymslu sé sérstök eining. Samhliða flutningum á safngögnum verður parfagreiningin endurskoðuð til að tryggja að þjónusta safnsins við íbúa sé eins og best verður á kosið.



REKSTUR

	2024	2024 áætlun	2023
Rekstrartekjur			
Héraðsnefnd Árneseinga, framlag	52.250.000	52.250.000	44.000.000
Sveitarfélagið Árborg, styrkur	1.750.000	1.750.000	1.650.000
Aðrar tekjur	29.612.347	14.470.000	20.156.318
Samtals:	83.612.347	68.470.000	65.806.318
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	40.047.849	53.032.110	40.815.498
Annar rekstrarkostnaður	28.899.419	14.104.200	15.307.091
Afskriftir	364.170	615.000	364.170
Samtals:	69.311.438	67.751.310	56.486.759
Afkoma fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	14.300.909	718.690	9.319.559
Fjármunatekjur og fjármunagjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur	2.116.753	0	1.561.447
Vaxtagjöld	(749.687)	(600.000)	(1.107.025)
Samtals:	1.367.066	(600.000)	454.422
Rekstrarniðurstaða ársins	15.667.975	118.690	9.773.981



AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

AÐGENGI

Upplýsingaréttur almennings er einn af grundvallarpáttum lýðræðislegra samfélaga og á að tryggja aðgang almennings að upplýsingum er varða starfsemi opinberra aðila. Hvað héraðsskjalasafnið og upplýsingarétt varðar þarf sérstaklega að horfa til ákvæða í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og upplýsingalaga nr. 140/2012 auk þess sem ákvæði ýmissa annarra laga og reglugerða geta haft bein áhrif á afgreiðslu. Þessi þjónusta er gjaldfrjáls.



SKJALASKRÁR

Skjalaskrár sem ná yfir stærstan hluta safngagna er hægt að finna á vef safnsins, myndasetur.is. Skrárnar eru leitarbærar, þær er hægt að prenta út, hlaða þeim niður og panta skjöl á lestrarsal eða í millisafnalán. Upplýsingar í þessum skrá taka mið af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Sérstök skrá, innri skrá, inniheldur upplýsingar um eldri skráðar afhendingar. Aðfangabók inniheldur upplýsingar um óskráðar afhendingar.

Nú eru allar afhendingar sem búið er að skrá skv. stöðlum aðgengilegar á vef. Skjalaskrár sem ná yfir rafrænar afhendingar eru birtar og leitarbærar með sama hætti, þrátt fyrir að skráning rafrænna gagna geti verið og sé í sumum tilvikum ólík. Mikilvægt er að rafræn gagnasöfn séu aðgengileg með sama hætti og önnur skjalasöfn. Á árinu voru afgreiddar fyrirspurnir úr rafrænum gagnasöfnum og fengu notendur gögnin send á rafrænu formi.

Aðgengi að skjalaskrá er liður í því að gera notendur meira sjálfbjarga. Skjalaskrárnar einfalda umsýslu vegna aðgengis og notkunar á safngögnum og bæta þannig þjónustu safnsins. Miðlun skjalaskráa á vef er mikilvægur hluti af innviðauppbýggingu skjalasafnsins. Skjalaskrárnar nýtast vel til að svara fyrirspurnum og erindum og þá er einfalt að vísa notendum á skrárnar og þeir geta þá óskað eftir skjölum á lestrarsal.




FYRIRSPURNIR OG ERINDI

Upplýsingar um fjölda fyrirspurna, erinda, lána á lestrarsal, önnur not af safngögnum, fjölda og stærð afhendinga o.fl. eru skráðar í rafrænt verkbókhald. Það er gert til að tryggja að fyrirspurnum og erindum sé svarað í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Þessi skráning auðveldar yfirsýn yfir verkefnastöðu, nýskráningu, frum- og endurskráningu eldri afhendinga, utanumhald vegna rafrænnar skjalavörslu, eftirlit og öryggisafritun skjala. Þessar upplýsingar nýtast vel þegar horft er til stefnumótunar safnsins.

Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal voru 1.341. Frá 2020-2025 hafa fyrirspurnir og erindi verið um 1.200 á ári. Borið saman við næstu fimm ár á undan hefur aukning fyrirspurna og erinda verið rúm 40% og farið úr um 850 í rúmlega 1.200 á ári að jafnaði. Fjöldi fyrirspurna og erinda frá sveitarfélögum var 526. Þar af voru 297 vegna eftirlits og ráðgjafar, sem er 37,5% fjölgun á milli ára. Þessa fjölgun má nær einvörðungu tengja við rafræna skjalavörslu og undirbúning rafrænna skila.


Fyrirspurnir og erindi



Fyrirspurnir og erindi frá einstaklingum, hópum, félögum og fyrirtækjum voru 815. Fjöldi askja sem afgreiddar voru á lestrarsal var með mesta móti og sama á við um fjölda askja sem starfsfólk notaði vegna fyrirspurna og erinda. Fjöldi fyrirspurna og erinda sem kölluðu á beina afgreiðslu voru 449, 614 erindi voru afgreidd skriflega og 167 afgreidd gegnum síma. Erindi eða heimsóknir vegna ljósmyndaskráningar voru 192. Ábendingar vegna ljósmyndaskráningar voru 306.

Starfsfólk sveitarfélaganna notar safnið að jafnaði alla virka daga ársins. Þekking starfsfólks á stjórnsýslu sveitarfélaganna, rekstrarfyrirkomulagi einstakra stofnana og á safngögnum einfaldar upplýsingagjöf og stýttir afgreiðslutíma.

Þróun á afgreiðslu og pöntunarkerfi á skjölum, bæði pappírs og rafrænum var framhaldið. Þarna er horft til þess að notendaviðmót sé það sama óháð formi skjalanna.



SÉRFRÆÐIPEKking STARFSFÓLKS

Almenningur og stjórnvöld leita sem fyrr í flestum tilvikum beint til starfsfólks, einkum vegna sérþekkingar þess á safngögnum – og þá sérstaklega óskráðum skjölum. Þekking starfsfólks á safngögnum, stofnunum sveitarfélaga, þróun stjórnsýslunnar og boðleiða milli hinna ýmsu stofnana og embætta gegnir hér lykilhlutverki. Þessi þekking, ásamt reynslu og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga, styrkir þjónustuna sem íbúum og stofnunum stendur til boða.




SKJALAVARSLA OG SKJALASTJÓRNUN

AFHENDINGAR PAPPÍRSSKJALA

Afhendingar á árinu 2024 voru 105. Fjöldi afhendinga hefur ekki tekið miklum breytingum á milli ára eða 91 að jafnaði ef horft er til síðustu tíu ára. Frá 2001-2024 hafa borist 2.023 afhendingar. Aðfangabók inniheldur nú 2.913 afhendingarnúmer.

Árið 2024 voru afhentir alls 45,63 hillumetrar af skjölum sem er í samræmi við áætlanir um magn skjala á ári, þ.e. milli 40 og 50 metrar að jafnaði. Afhendingarskyldir aðilar skiluðu 41 afhendingu, alls 28,97 hillumetra en einkaskjallasöfn voru 64, alls 16,66 hillumetrar. Ráðist var í endurskipulagningu á skjalageymslu í Háheiði til að tryggja að safnið gæti áfram tekið við skjölum. Áætlanir um aukningu safngagna fram til ársins 2050 sem settar voru fram í tengslum við þarfagreiningu á húsnæðisþörf hafa gengið eftir og ætla má að pappírsskjöl verði um 3.000 hillumetrar árið 2050.


Frá 2010-2024 var tekið á móti 866,13 hillumetrum, þ.e. 57,74 hillumetrum á ári að jafnaði. Þetta er umtalsverð aukning á magni skjala borið saman við árin 2000-2009 þegar safninu bárust að jafnaði um 30 hillumetrar á ári. Aukna skjalamyndun verður að skoða í samhengi við fjölgun íbúa, fjölgun lögbundinna verkefna og þá þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum. Skjölin verða ekki til í tómarúmi.



AFHENDINGAR RAFRÆNNA GAGNA

Héraðsskjalasafnið tók á móti fjórum rafrænum gagnasöfnum á árinu. Öllum frá Sveitarfélaginu Ölfusi. Þetta voru skráarsöfn frá bæjarskrifstofum Ölfuss, Grunnskólanum í Þorlákshöfn og leikskólanum Bergheimum. Afhendingarnar voru prófaðar af umsjónarmanni MHR í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í OAIS (Open Archival Information System) ISO 14721 um langtíma vörslu rafræna gagnasafna. Niðurstöður prófanna staðfesta að verklag og vinna MHR er í samræmi við staðalinn og þær kröfur sem NEA gerir til vörsluútgáfa.

Af 41 afhendingu afhendingarskyldra aðila eru fjórar rafrænar eða 10%. Ljóst er að hlutfall rafrænna afhendinga þeirra mun á næstu árum hækka jafnt og þétt. Nú er unnið markvisst að því að kortleggja og tilkynna rafræn gagnasöfn sveitarfélaga, en þessi vinna styður við breytingar á lögum um opinber skjalasöfn og stafrænuvæðingu sveitarfélaganna.



SKJALASKRÁNING

Skjalaskráning fylgir stöðlum, þ.e. ISAD-G og ISAAR auk ISDIAH. Staðlarnir taka til allra þátta skjalaskráningar, lýsinga á skjalamyndurum, þ.e. þeim stofnunum eða einstaklingum sem mynda skjölin auk upplýsinga um vörslustofnunina. Staðlarnir segja fyrir um verklag við móttöku skjala, skráningu, gerð greinargerða o.s.frv. 78 af 105 afhendingum sem bárust á árinu voru skráðar. Eldri afhendingar sem voru ýmist frum- eða endurskráðar voru 61. Heildarfjöldi skráðra afhendinga á árinu var 139. Alls er búið að skrá 2.363 afhendingar skv. stöðlum eða 1.227,59 hillumetra af skjölum. Skráðir hillumetrar voru 47,74.



Rúmlega 80% afhendinga í vörslu safnsins eru nú skráð skv. ISAD-G staðli. Ítarskráning á bréfasöfnum og ýmsum skjölum sveitarfélaga sem þegar eru skráð í samræmi við staðla mun eiga sér stað á næstu árum vegna aukinnar notkunar, rannsókna og miðlunar.

Skráning og endurskráning á pappírsskjala-söfnum er eitt af kjarnaverkefnum safnsins. Framvinda ræðst af stöðu annarra verkefna en ljóst að nokkur ársverk þarf til að ljúka endurskráningu á eldri afhendingum í samræmi við staðla.


Samstarfi skjalasafnsins og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita var haldið áfram undir stjórn Guðmundu Ólafsdóttur. Hún skannaði og skráði allar teikningar sem ekki voru þegar til hjá UTU. Afhendingin er 10,93 hillumetrar, 1.378 arkir. Safnið tók einnig á móti átta vörubrettum af teikningum vegna flutnings UTU í nýtt húsnæði. Mikilvægt er að skjöl skipulags- og byggingafulltrúa séu vel skráð og að aðgengi að þeim sé gott.

OPINBER SKJÖL OG EINKASKJÖL

Fjöldi opinberra skjalasafna, þ.e. skjalasöfn afhendingarskyldra aðila eru 776 eða tæp 33% á meðan að einkaskjalasöfn eru 1.587 eða um 67%, alls 2.363 aðfanganúmer. Í aðfangabók safnsins eru 2.913 númer og því á enn eftir að endur- eða frumskrá 550 afhendingar. Ef horft er til fjölda hillumetra snýst dæmið við, þ.e. opinber skjöl eru rúmir 755 hillumetrar eða um 61% en einkaskjöl um 472 hillumetri eða um 39% skjala.

Þekking starfsfólks á stjórnsýslu og skjölum gömlu hreppanna átján og núverandi átta sveitarfélaga er mikilvæg. Samstarf sveitarfélaganna gegnum tíðina hafði bein áhrif á myndun skjala og nauðsynlegt að starfsfólk þekki sögu sveitarfélaganna og þeirra einstaklinga sem stóðu við stjórnvölinn. Sá vitnisburður sem kemur fram í opinberum skjölum verður á margan hátt heilsteyptari þegar hægt er að setja hann í samhengi við einkaskjöl. Í mörgum tilfellum eru skilin á milli opinberra- og einkaskjala óljós, sérstaklega þegar horft er til skjalasafna hreppstjóra.

Fjöldi skjalasafna, afhendinga



RAFRÆN SKJALAVARSLA

Stafrænuvæðingu sveitarfélaganna er ætlað að bæta þjónustu þeirra við íbúa – sveitarfélögin eru þekkingarsamfélög. Stafrænni vegferð þeirra er m.a. ætlað að bæta og jafna aðgengi íbúa að margvíslegri þjónustu. Héraðsskjalasafnið er virkur þátttakandi í þessari vegferð.

Stafræn umbreyting sveitarfélaga hefur haft bein áhrif á starfsemi héraðsskjalasafnsins. Verkefni tengd rafrænni skjalavörslu, s.s. kortlagning, tilkynningar, úrskurðir um skil, móttaka og afgreiðsla rafrænna gagnasafna, eru nú hluti af kjarnastarfsemi safnsins. Starfsfólk hefur um árabíl leitt vinnu við skjalavistunaráætlanir og málalykla, sem styður við þessi nýju verkefni. Árið 2024 sinnti safnið aðstoð við tilkynningar og undirbúningsvinnu vegna væntanlegra skila rafrænna gagnasafna.

Kortlagning og varðveislumat rafrænna gagnasafna er og verður eitt stærsta verkefni næstu ára. Vinnan veitir yfirsýn yfir rafræn gögn sveitarfélaga og markar skil milli pappírs- og rafrænnar skjalavörslu. Þekking starfsfólks á þeim skjölum sem sveitarfélögin hafa þegar afhent og þá hvað enn vantar skiptir sköpum í þessu sambandi.

Kostnaður við gerð vörsluútgáfa er nokkur, þ.e. kostnaður vegna gerðar afhendingarútgáfu og prófana á þeim. Þessi kostnaður er óhjákvæmileg afleiðing stafrænuvæðingar stjórnsýslunnar og breytinga á lögum um opinber skjalasöfn.

Rafræn skjalavarsla sveitarfélaga hefur bein áhrif á starfsemi héraðsskjalasafnsins. Erindi og fyrirspurnir eru móttækin og svarað með rafrænum hætti, safnið heldur úti rafrænum lestrarsal og sífellt fleiri notendur óska eftir því að gögn séu gerð aðgengileg með rafrænum hætti.




EFTIRLIT OG RÁÐGJÖF

Héraðsskjalasöfnin skulu hafa eftirlit með framkvæmd sveitarfélaga og stofnana þeirra á lögum um opinber skjalasöfn og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Eftirlits- og ráðgjafahlutverk safnsins hefur vaxið ár frá ári. Þetta hlutverk varð enn veigameira í kjölfar breytinga á lögum um opinber skjalasöfn.

Ef horft er til síðustu fimm ára er aukningin 70% og 85%. Horfa þarf til nokkurra þátta til að skýra þessa hækkun, þ.e. fleiri heim-sókna starfsfólks skjalasafnsins, stafrænu-væðingar sveitarfélaganna, breytinga á regluverki og endurnýjunar á málalyklum, skjalavistunaráætlunum og verklagi hjá afhendingarskyldum aðilum. Margir afhendingarskyldir aðilar hafa haft skjalavistunaráætlanir, samþykkt málalykla og fyrir fram skilgreinda verkferla um árabíl. Sú vinna hefur bætt skjalahald og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila og þeir eru í reglulegu sambandi við starfsfólk safnsins.

Fyrirspurnir og erindi frá sveitarfélögum, stofnunum þeirra og opinberum aðilum voru 525 talsins. Fyrirspurnir og erindi vegna eftirlits og ráðgjafar voru 297. Hér er um að ræða umtalsverða aukningu á milli ára borið saman við 2022 og 2023 þegar fyrirspurnir og erindi voru 414 og 406, og fyrirspurnir og erindi vegna eftirlits og ráðgjafar voru 216 og 222.

Fyrirspurnir, ráðgjöf og eftirlit



KORTLAGNING GAGNASAFNA

Ráðist var í kortlagningu rafrænna gagnasafna sveitarfélaga á árinu. Nokkrum tíma var varið til að samræma spurningalista, eyðublöð og þá hvaða upplýsingum væri leitað að.

Sveitarfélög voru heimsótt og þá fengu nokkrir aðilar sendan spurningalista. Rafræn gagnasöfn voru metin m.a. með tilliti til varðveislu, tegundar og notkunar. Markmið kortlagningar er að veita yfirsýn yfir rafræn gagnasöfn, greina hvaða kerfi og gögn eru afhendingarskyld og hvaða gögn þarf ekki að varðveita til langframa, sbr. reglur um rafræna vöktun nr. 50/2023. Alls voru skráð 152 kerfi.

Kortlagning rafrænna gagnasafna nýtist þannig við forgangsroðun tilkynninga, úrskurða og skila á rafrænum gagnasöfnum. Á sama tíma þarf að tryggja að þessar upplýsingar séu uppfærðar árlega svo þær nýtist sem skyldi.

EFTIRLITS- HEIMSÓKNIR

Starfsfólk skjalasafnsins heimsækir fjölda stofnana á hverju ári og leiðbeinir um skráningu skjala, hreinsun úr skjalasöfnum, grisjun auk þess að aðstoða við gerð málalykla og skjalavistunaráætlana. Heimsóknirnar bæta gæði afhendinga sem skjalasafnið tekur á móti, þ.e. skjöl eru betur skráð, skipulag afhendinga betra og kostnaður vegna frágangs og skráningar er alla jafna minni.

Leiðbeiningar- og eftirlitshlutverk safnsins styður með beinum hætti við innra starf þeirra stofnana sem starfsfólk heimsækir. Þetta samstarf hefur aldrei verið mikilvægara en nú þegar sveitarfélögin eru að fara yfir í rafræna skjalavörslu. Í þessu sambandi er vert að nefna sérstaklega fjölmarga fundi og ráðgjöf vegna verkefna sem tengjast fjölskyldu-, velferðar- og skólamálum sem og vegna skipulags- og byggingamála hjá sveitarfélögunum.



MÁLALYKLAR OG SKJALAVISTUNARÁÆTLANIR

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á gerð og endurnýjun skjalavistunaráætlana og málalykla. Minnst 48 afhendingarskyldir aðilar eiga að vera með skjalavistunaráætlanir og málalykla og haga skjalavörslu og skjalastjórn í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn og reglur þar um. Stjórnskipulag, skipurit sveitarfélaga, valdmörk milli stofnana og verklag ræður miklu um fjölda þessara aðila. Sum svið og deildir sveitarfélaga nota ákveðin efnissvið og lykla undir sama málalykli o.s.frv.

26 eða 54% afhendingarskyldra aðila eru með skjalavistunaráætlun og 15 aðilar eða 29% eru með samþykkt málalykla. Skjalastjórn leikskóla gerir ráð fyrir því að ákveðin gögn séu lögð upp í persónumöppur nemenda í stað þess að vera hluti af málafni viðkomandi leikskóla. Af þeim sökum eru færri afhendingarskyldir aðilar með samþykkt málalykla.

Starfsfólk vann á árinu að gerð skjalavistunaráætlana og málalykla með nokkrum stofnunum og mun fjöldi stofnana með skjalavistunaráætlanir og málalykla vaxa á næstu árum. Hlíting regluverks er nauðsynlegur undanfari þess að stofnanir geti afhent gögn sín á rafrænu formi.



MIÐLUN OG RANNSÓKNIR

Héraðsskjalasafnið rekur nokkra vefi sem miðla ljósmyndum, skjölum, skjalaskráum og fróðleik um safngögn. Myndasetur.is er aðalvefur safnsins og geta notendur nálgast hina vefina þar. Á vefjunum geta notendur aflað sér upplýsinga um rúmlega 2.000 skjalamyndara, fletta í gegnum gjörðabækur og aðrar bækur sveitarfélaga, félaga, brunavirðingar, fréttabréf félaga o.fl. sem tengist stjórnun, byggðapróun og rekstri hreppanna, breytingum á búskaparháttum, félags-, menningar- og íþróttastarfi í sýslunni.

Miðlunarvefurinn er sýnilegi hluti þeirrar stafrænu vegferðar sem héraðsskjalasafnið er í. Áður en heimildir, ljósmyndir eða skjalaskrár eru settar á vefinn þarf að ljósmynda, skanna, skrá og tryggja að lýsigögn séu rétt. Miðlunarvefurinn er rafrænn lestrarsalur sem er opinn allt árið.

Einfaldleiki og yfirsýn eru leiðarstef við hönnun vefsins. Upplifun notenda þarf að vera jákvæð. Leitarvél einföld og fljótverk, þar sem leitarniðurstöður eru skýrar og hægt að hlaða niður, áframsenda, prenta út eða breyta leitarskipunum. Uppbygging ljósmynda-, heimilda-, og skjalaskrár-vefjanna er sú sama og geta notendur leitað bæði þvert á vefina eða sérstaklega á einhverjum þeirra.

Miðlunarvefurinn er fyrir löngu orðinn almenningseign og gefur þeim sem hafa áhuga á sögu og menningu sýslunnar tækifæri til að líta til baka og skoða þær breytingar sem hafa átt sér stað. Fjölmargir aðilar nýta miðlunarvefinn í tengslum við menningarviðburði.

MIÐLUN LJÓSMYNDNA

Ljósmyndir berast ýmist sér eða sem hluti af stærri afhendingum. Skönnun, skráning og miðlun þeirra er órjúfanlegur þáttur í kjarnastarfsemi safnsins. Ljóst er að sýnileiki safnsins, traust almennings og velvilji í garð þess tengist náið þessari vinnu við söfnun, skráningu og miðlun ljósmynda – bæði á heimildavefnum og í gegnum samfélagsmiðla.

Eftir skoðun hverrar ljósmyndar er metið hvort hana eigi að skanna. Skráningarferlið er tvíþætt: Annars vegar er því sem er á myndinni lýst, persónur nafngreindar og ítarupplýsingum um viðkomandi bætt við ef þess er kostur, leitarorð, staðsetning og tæknilegar upplýsingar skráð. Þessar upplýsingar eru lýsigögn sem fylgja hinni stafrænu útgáfu myndarinnar. Hins vegar eru ljósmyndirnar skráðar sem skjöl í viðkomandi skjalaskrá.

Tómas Jónsson hefur í 14 ár unnið sjálfböðavinnu við skráningu ljósmynda úr fjölda afhendinga. Vinnustundir hans eru orðnar á tólfta þúsund og framlag hans ómetanlegt. Margir hafa komið til Tómasar og bæta við upplýsingum sem nýtast við skráningu á þessum merka menningararfi.

Á ljósmyndavef safnsins geta notendur sent inn ábendingar um skráningu ljósmynda – bætt við upplýsingum, leiðrétt eða komið með aðrar gagnlegar athugasemdir. Starfsfólk fer yfir ábendingar og uppfærir skráningu ef þarf. Með þessum hætti tekur almenningur þátt í því að skrá ljósmyndir í vörslu safnsins.

- 154.949 skannaðar ljósmyndir
- 137.345 ljósmyndir á vef




MIÐLUN SKJALA

Héraðsskjalasafnið hefur frá 2016 miðlað stafrænum endurgerðum skjala úr safn-kostinum á vef. Nú eru 86.624 skjala-einingar aðgengilegar. Þetta eru skjöl sveitarfélaga auk skjala hreppstjóra og margra félaga. Opinber skjöl og einkaskjöl. Vefurinn er hannaður af Ágústi Inga Kjartanssyni og Þorsteini Tryggva og er hann notaður á sjö héraðsskjalasöfnum til að miðla skjölum, ljósmyndum og skjalaskrá. Vefurinn er í stöðugri þróun til að bæta enn frekar leitarbærni, framsetningu efnis og hraða.

Prír verkefnastyrkir fengust til miðlunar frá Þjóðskjalasafni, þ.e. á skjölum sveitarfélaga/hreppa, búnaðar- og búfjárræktarfélaga og á ýmsum skjölum gömlu hreppanna í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Síðastnefnda verkefnið er samvinnuverkefni héraðsskjalasafnanna austan og vestan Þjórsár.

Stafræn endurgerð skjala og miðlun þeirra á vef er liður í því að auka enn frekar þjónustu safnsins við íbúa og sveitarfélög. Þessi endurgerð skjala styður um leið við öryggis-áætlun safnsins þar sem stafræn eintök í miklum gæðum verða til, frumritum er hlíft og aðgengi að þessum gögnum ekki háð opnunartíma eða búsetu þeirra sem þurfa að nota skjölin.

- 86.624 leitarbær skjöl á heimildavef



RANNSÓKNIR

Starfsfólk á samkvæmt lögum að standa fyrir rannsóknum á safngögnum. Samhliða skjalaskráningu eru greinargerðir teknar saman með öllum afhendingum. Þar er stjórnsýslulegu hlutverki stofnana lýst, gerð grein fyrir starfsemi félaga, fyrirtækja og æviágrip og ættir einstaklinga raktar. Þessar greinargerðir eru oftast en ekki frumrannsóknir á ævi, starfi og eða starfsemi skjalamyndara. Þá er innra skipulagi skjalasafnanna lýst sem og ástandi skjala. Greinargerðirnar eru stundum fyrsti vísir að frekari rannsóknum á skjölunum og þá geta þær um leið varpað ljósi á tengsl milli afhendinga og annarra safngagna.

Greinargerðir ásamt skjalaskrárm eru aðgengilegar á lestrarsal safnsins, en verið er að skoða birtingu þeirra á vef samhliða birtingu skjalaskráa. Útgáfa greinargerða á vef mun bæta þjónustu safnsins enn frekar.



SAMSTARF, RÁÐSTEFNUR OG VIÐBURÐIR

SAMSTARF - MHR OG NEA

Samstarf safnanna hófst með undirritun viljayfirlýsingar á haustráðstefnu Félags héraðsskjalasafna haustið 2022. Í febrúar 2023 komu héraðsskjalaverðir saman og réðu umsjónarmann með verkefninu í hálfstarf. Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR) var formlega stofnuð 9. febrúar 2024. Framkvæmdastjórn MHR skipa Stefán Bogi Sveinsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Þorsteinn Tryggvi Másson og til vara Erla Dís Sigurjónsdóttir.

MHR og söfnin unnu sameiginlega að kortlagningu rafrænna gagnasafna sveitarfélaga. Yfir 600 rafræn kerfi voru kortlögð. Frekari kortlagning og greining er nauðsynleg svo hægt sé að forgangsraða afhendingum með skynsamlegum og ábyrgum hætti.

Héraðsskjalasöfnin og MHR eru í samstarfi við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), samstarfsverkefni yfir 30 sveitarfélaga í Danmörku um rafræna skjalavörslu. Þar var talið þjóna hagsmunum ríkis og sveitarfélaga betur að greina á milli rafrænnar skjalavörslu þessara aðila. NEA er hluti af Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar og þjónustar rúmlega 2,2 milljónir íbúa og tekur þjónustan til allra þátta langtíma vörslu rafrænna gagnasafna. Aðilar að NEA greiða fast árgjald og tímagjald í samræmi við þá þjónustu sem þeir fá við ráðgjöf, prófanir, samþykki á vörsluútgáfum o.s.frv. Samstarf MHR og NEA styður við hina stafrænu vegferð héraðsskjalasafnanna og sveitarfélaganna.

RÁÐSTEFNA FÉLAGS HÉRAÐSSKJALAVARÐA Á ÍSLANDI

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var haldin í Skálholti 19.-20. september. Guðmunda Ólafsdóttir og F. Elli Hafliðason sáu um skipulag og utnumhald ráðstefnunnar. Þau komu einnig að skipulagningu dagskrár í samvinnu við stjórn félagsins.

Þorsteinn Tryggvi bauð ráðstefnugesti velkomna og fór stuttlega yfir starfsemi skjalasafnsins. Þorsteinn flutti ásamt Valdísi Einarisdóttur, héraðsskjalaverði Dalamanna, erindi um afgreiðslu á trúnaðargögnum. Guðmunda greindi frá skólaverkefni safnsins. Guðmunda og Elli héldu erindi um aðfangabækur, skráningu og fortíðarvanda. Þá var fjallað um einkaskjalasöfn. Kristján Björnsson vígslubiskup tók á móti ráðstefnugestum í Skálholtskirkju. Þorsteinn Tryggvi og Brjánn Fransson fjölluðu um MHR.

Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður voru gerð að heiðursfélögum í Félagi héraðsskjalavarða á Íslandi á aðalfundi þess sem haldinn var 20. september. Ákveðið var að fjölmenna á Norrænu skjaladagana í Osló haustið 2025 þar sem starfsfólk safnana mun funda sérstaklega og þá verður aðalfundur félagsins haldinn í Osló.

Staða og framtíð héraðsskjalasafnanna var ráðstefnugestum ofarlega í huga og tóku umræður um efni ráðstefnunnar mið af því.



FUNDUR OPINBERRA SKJALASAFNA

Fundur opinberra skjalasafna fór fram 25. október í Þjóðskjalasafni Íslands. Umræður um fyrirkomulag funda og almennt samstarf opinberra skjalasafna voru góðar og var ákveðið að breyta fyrirkomulagi samstarfs nokkuð. Í desember funduðu forstöðumenn opinberra safna aftur og þá var skipaður starfshópur til að fara yfir hvernig frekara samstarfi yrði háttað. Þorsteinn Tryggvi situr í þessum starfshópi. Umræðurnar snerust um fyrirkomulag funda, sérstaka forstöðumannafundi, samráðshópa og fjölda slíkra hópa.

SAMRÁÐSHÓPUR UM EINKASKJALASÖFN

Þorsteinn Tryggvi var skipaður í samráðshóp um varðveislu einkaskjalasafna í október 2021. Verkefni hópsins snúa m.a. að gerð leiðbeinandi aðfangastefnu um söfnun einkaskjalasafna fyrir Ísland, utanumhald um aðfangastefnur opinberra skjalasafna og annarra aðila sem safna einkaskjalasöfnum, standa fyrir sameiginlegum átaksverkefnum um söfnun einkaskjalasafna, tengja saman þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta þegar kemur að söfnun, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum og umsjón með vefnum einkaskjalasafn.is. Í samráðshópnum eru tveir fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, tveir héraðsskjalaverðir og fulltrúi frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Héraðsskjalasafnið hefur verið með sérstaka aðfanga- og vörslustefnu allt frá árinu 2017. Ný og endurskoðuð stefna tók gildi 1. janúar 2022 og gildir í fjögur ár.

VIÐBURÐIR


Héraðsskjalasafnið kom með margvíslegum hætti að bæjarhátíðum og menningarviðburðum í sýslunni. Sýningin *Fjallferðir í Árnessýslu*, þar sem upphaf fjallskila og fjallferðir voru til umfjöllunar, var opnuð á Uppskeruhátíð á Flúðum. Sýningin byggir á rannsóknum Guðmundu Ólafsdóttur á heimildum í vörslu safnsins. Sýningin var sett upp á ráðstefnu Félags héraðsskjalarvarða í september og á Selfossi í Menningarmánuðinum október. Sýningin fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Ellí stýrði greiningarfundi á Vor í Árborg þar sem ljósmyndir frá Selfossi voru til sýnis. Greiningarfundirnir styrkja stöðu safnsins í samfélaginu og þá gefst íbúum kostur á að leggja starfsfólki lið við skráningu.

Framtíð fjallferða



Það má velja því fyrir sér hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.



Þetta er sýning um fjallferðir þessum af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Hér er sýnt á hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.



Þegar fjenu fækkar verður líka óhagkvæmari að smala afleiðin því alltaf þurfi jafn marga menn til að fara yfir svæðið þó fjenu fækkar. Þetta fyrir að það að reka fé á fjall sé að verða óhagkvæmari en líta sem vilja mæla þessum menningarfari sem líkð hefur öldum saman með sem til samta sniði. Og ef engar eru fjallferðir þá hverfa réttirnar líka, en til þess má enginn huga.



Þetta er sýning um fjallferðir þessum af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Hér er sýnt á hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.

Réttardagurinn



Varla er hægt að tala um fjallferðir nema að minnstað á réttardaginn sem er einn mestri hátíðisdagur hvernar sveitar og i huga barna jafnt sem gamalmanna mögulega jafn skemmtilegur og spjall jón.

Þegar hálfr er að smala afleiðin er fé rekið i rétti. Réttirnar hefjast oftast snemma morguns og er féð þá rekið úr sálmgömlu þar sem það hefur beðið um réttina og ten i almenningnum sem kallaður er. Þar finna barnur sínar kindur ásamt áhðabólfi sínu á öllum aldri og draga i dikla hvers barga. Þannig eru kindur og dröngur þar til engar standa eftir i almenningnum en diklarnir orðna fullir af fé.



Þetta er sýning um fjallferðir þessum af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Hér er sýnt á hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.



Þetta er sýning um fjallferðir þessum af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Hér er sýnt á hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.



Þetta er sýning um fjallferðir þessum af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Hér er sýnt á hvern fjallferðir séu að líta undir lok eða hvern þær og sér einhverja framtíð. Ólíkum sjónarmálum um eytingu afleiða hefur lengi verið haldið á lofti, samurður nú rýsla þegar dög að njóni regluleg um sjálfbærar landnýtingu var auglýst í samráðgjótt stjórnvalda. Þar voru setti fram skilyrði um að land með minna en 20% aðplötuþekju í yfir 600m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitir. Í ljósi er að ef þessi skilyrði hefðu ekki verið felld út úr reglugerðinni hefðu annað hvort þurft að hætta að njóta marga afleiða til beitir eða að fara í stórfelka gróingvænu innur afleiðanna með tilheyrandi kostnaði.

FYRIRLESTRAR

- Porsteinn Tryggvi Músson. *Persónuvernd og skólastarf*. Meðferð trúnaðargagna og skjalastjórn fyrir grunnskóla. Kynning fyrir starfsfólk Bláskógaskóla á Laugarvatni.
- Porsteinn Tryggvi Músson. *Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu*. Kynning fyrir fulltrúa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Porsteinn Tryggvi Músson. *Skjalavarsla – skemmtilegast í heimi eða eitthvað sem einfaldar okkur lífið*. Fyrirlestur um skjalavörslu, skráningu skjala og frágang skjalasafna fyrir starfsfólk Hveragerðisbæjar.
- Guðmunda Ólafsdóttir. *Konur og skjalasöfn*. Fyrirlestur á skemmtikvöldi kvenfélaga í Flóahreppi.
- Porsteinn Tryggvi Músson og Valdís Einarsdóttir. *Afgreiðsla á trúnaðargögnum úr skjalasöfnum*. Fyrirlestur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða.
- Porsteinn Tryggvi Músson og Brjánn Fransson. *Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu*. Fyrirlestur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða.
- Guðmunda Ólafsdóttir. *Heimildirnar: Kosningaréttur kvenna. Skólaverkefni*. Erindi á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða.
- Guðmunda Ólafsdóttir og F. Elli Hafliðason. *Aðfangabók og fortíðarvandi*. Fyrirlestur á ráðstefnu Félags héraðsskjalavarða.
- Guðmunda Ólafsdóttir. *Konur og fjallferðir*. Erindi í Menningarmánuðinum október.
- Guðmunda Ólafsdóttir. *Konur og fjallferðir*. Erindi á samkomu félags eldri borgara í Biskupstungum.
- Porsteinn Tryggvi Músson. *Einkaskjalasöfn*. Fyrirlestur í Hagnýtri skjalafræði við Háskóla Íslands.

Pá tók starfsfólk virkan þátt í margvíslegum málstofum, fundum og ráðstefnum sem tengjast skjalavörslu, skjalahaldi og langtímaförslu rafrænna gagnasafna.

AFHENDINGAR

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2024/1	Grímsnes- og Grafningshreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	2000-2016	0.06	
2024/2	Félag ungra Framsóknarmanna í Árnessýslu	Framsóknarfélag Árborgar	1950-1988	0.19	
2024/3	Þjóðólfur	Framsóknarfélag Árborgar	1991-1992	0.03	
2024/4	Kjördæmaráð Framsóknarflokksins í Suðurlandskjördæmi	Framsóknarfélag Árborgar	1962-1996	0.08	
2024/5	Unnur Stefánsdóttir (18.01.1951-8.8.2011) frá Vorsabæ	Grímur Hákonarson	1955-2011	1.93	
2024/6	Hákon Sigurgrímsson (15.08.1937-) frá Holti	Grímur Hákonarson	1883-2021	1.42	
2024/7	Héraðsnefnd Árnesinga	Gunnar Þorgeirsson		0.11	
2024/8	Ferðafélag Árnesinga	Ferðafélag Árnesinga	2023	0.03	
2024/9	Leikskólinn Leikholt	Leikskólinn Leikholt		0.32	
2024/10	Verslunarmannafélag Árnessýslu	VR-Suðurlandsdeild	1954-2000	0.11	
2024/11	Verslunarmannafélag Suðurlands	VR-Suðurlandsdeild	2000-2017	0.11	
2024/12	Félag eldri borgara Selfossi	Guðrún Guðnadóttir	2012-2016	0.16	
2024/13	Umhverfis- og tækni svið Uppsveita	Umhverfis- og tækni svið Uppsveita		10.93	
2024/14	Hilmar Þór Björnsson (14.12.1942-)	Hilmar Þór Björnsson	1960-2024	0.03	
2024/15	Karl Jónasson (19.2.1909-15.4.1980) og Aðalheiður Gestsdóttir (15.10.1907-8.4.1997), Smiðshúsum á Stokkseyri	Jón Ólafur Karlsson og Gunnar Vífill Karlsson	1930	0.03	
2024/16	Sveitarfélagið Árborg	Sveitarfélagið Árborg	1993-2023	1.6	
2024/17	Selfoskaupstaður	Sveitarfélagið Árborg	1981-1999	0.51	
2024/18	Selfosshreppur	Sveitarfélagið Árborg	1945-1965	0.03	
2024/19	Sandvíkurhreppur	Sveitarfélagið Árborg	1905-1994	0.03	



Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2024/20	Borgarþróun ehf.	Sveitarfélagið Árborg	1999-2009	0.06	
2024/21	Byggðasamlagið Árbær ehf.	Sveitarfélagið Árborg	1994-2003	0.06	
2024/22	Byggðasamlag um Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sveitarfélagið Árborg	1997-1998	0.06	
2024/23	Byggingasjóður aldraðra Selfossi	Sveitarfélagið Árborg	1982-1991	0.03	
2024/24	Leigubústaðir Árborgar ehf.	Sveitarfélagið Árborg	2005-2011	0.03	
2024/25	Þjónusturáð Suðurlands	Sveitarfélagið Árborg	2011	0.03	
2024/26	Grunnskólinn á Stokkseyri	Páll Siggeirsson		0.03	
2024/27	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Sveitarfélagið Ölfus		0.03	4.53
2024/28	Auguste Mayer (3.7.1805-22.9.1890)	Bókasafn Árborgar	1836	0.01	
2024/29	Jón Gísli Högnason (13.7.1908-3.9.1999)	María Guðný Guðnadóttir	1949-1998	0.07	
2024/30	Rannveig Gísladóttir (31.5.1881-20.7.1967) og Einar Gíslason (14.6.1877-30.5.1949), Urriðafossi	Brynhildur Tómasdóttir		0.03	
2024/31	Sveitarfélagið Ölfus	Sveitarfélagið Ölfus		0.03	1.73
2024/32	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Sveitarfélagið Ölfus		0.03	3.85
2024/33	Leikskólinn Bergheimar	Sveitarfélagið Ölfus		0.03	9.12
2024/34	Norðurkot í Grímsnesi	Ingigerður Torfadóttir	1934-1975	0.07	
2024/35	Hreppstjórinn í Grafningshreppi	Pórunn Drífa Oddsdóttir	1954-1996	0.05	
2024/36	Slysavarnadeildin Björgólfur	Pórunn Drífa Oddsdóttir	1953-1960	0.08	
2024/37	Uppsalar í Hraungerðishreppi	Oddný Guðmundsdóttir	1864-2013	0.66	
2024/38	Guðmundur Indriðason (15.5.1915-15.12.2016) og Jónína Sigríður Jónsdóttir (6.2.1927-13.8.2016), Lindarbrekku Laugarási	Sævar Logi Ólafsson	1923-2006	0.32	
2024/39	Laufey Indriðadóttir (24.2.1917-9.6.1999)	Sævar Logi Ólafsson	1980-1992	0.05	
2024/40	Héraðssambandið Skarphéðinn	Aðalsteinn Sveinsson	1950-1988	0.03	

Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2024/41	Ragnar Geir Brynjólfsson (31.3.1961-)	Ragnar Geir Brynjólfsson	1981-1981	0.03	
2024/42	Gagnfræðaskólinn á Selfossi	Páll Siggeirsson	1971	0.03	
2024/43	Pórður Snæbjörnsson (19.10.1931-19.6.2011) og Ingibjörg Jónasdóttir (13.2.1929- 13.12.2020)	Ingibjörg Erna Þórðardóttir	1967-1985	0.03	
2024/44	Samband sunnlenskra kvenna	Samband sunnlenskra kvenna	1932-2023	1.6	
2024/45	Skógræktarfélag Villingaholtshrepps	Eydís Rós Eyglóardóttir	1950-2022	0.03	
2024/46	Sóknarnefnd Ólafsvallakirkju	Harpa Dís Harðardóttir	1984-2007	0.03	
2024/47	Sigríður Jóhannsdóttir (5.10.1910-21.5.2001)	Ástríður Björk Steingrímsdóttir	1927-1979	0.14	
2024/48	Hjörtur Marinó Þórðarson (7.9.1913-6.5.1981)	Ástríður Björk Steingrímsdóttir	1959-1981	0.03	
2024/49	Ásaskóli	Ástríður Björk Steingrímsdóttir	1945-1962	0.03	
2024/50	Héraðssambandið Skarphéðinn	Héraðssambandið Skarphéðinn	1930-2023	0.67	
2024/51	Ræktunarsamband Ölfusinga	Gróa Friðgeirsdóttir	1946-1955	0.03	
2024/52	Fjölskyldan Hvoli í Ölfusi	Gróa Friðgeirsdóttir	1947-2008	0.03	
2024/53	Oddný Guðmundsdóttir (4.11.1953-)	Oddný Guðmundsdóttir	1948-1973	0.03	
2024/54	Selvogskirkjuvísur	Hjörtur M. Jónsson	1843	0.03	
2024/55	Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings	Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings	2011-2020	2.03	
2024/56	Guðmundur Árnason (27.3.1955-), ljósmyndir	Guðmundur Árnason		0.03	
2024/57	Hjörtur Þórarinnsson (10.2.1927-23.7.2024)	Aðstandendur	1952-2019	1.05	
2024/58	Myndlistarfélag Árnessýslu	Myndlistarfélag Árnessýslu	2013-2023	0.06	
2024/59	Leikskólinn Bergheimar	Leikskólinn Bergheimar Þorlákshöfn	1995-2021	2.2	
2024/60	Ólöf Sigurbjörg Ólafsdóttir (13.12.1941- 5.6.2024)	Harpa Dís Harðardóttir	1891-1923	0.03	
2024/61	Brynjólfur Sveinbergsson (17.1.1934- 25.6.2016), ljósmyndir	Guðmundur Geir Gunnarsson	1956-1958	0.03	



Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2024/62	Bláskógaskóli, Laugarvatni	Bláskógaskóli Laugarvatni	2012-2023	0.28	
2024/63	Magnea Sveinbjörg Árnadóttir (12.9.1930-)	Magnea Sveinbjörg Árnadóttir	1992-2014	0.27	
2024/64	Benedikt Thorarensen (1.2.1926-26.1.2008)	Ragnar Daníelsson	1976-1995	0.06	
2024/65	Leikskólinn Óskaland	Leikskólinn Óskaland Hveragerði	1998-2023	0.74	
2024/66	Sveitarfélagið Árborg, ljósmyndir	Sveitarfélagið Árborg		0.03	
2024/67	Landkostir hf.	Elín Erlingsdóttir	1950-1991	0.5	
2024/68	Guðný Magnea Pétursdóttir (3.4.1893-9.12.1978)	Garðar Einarsson	1866-1897	0.06	
2024/69	Ásta Guðmundsdóttir (28.10.1930-), ljósmyndir	Helga Geirmundsdóttir		0.03	
2024/70	Iðnskólinn á Selfossi	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1949-1981	0.82	
2024/71	Iðnnemafélag Selfoss og nágrennis	Fjölbrautaskóli Suðurlands	1947-1975	0.16	
2024/72	Jón Sólberg Nóason (30.06.1953-), ljósmyndir	Steinunn Geirmundsdóttir	1968	0.03	
2024/73	Hestamannafélagið Smári	Guðni Árnason	2004-2009	0.03	
2024/74	Sveitarfélagið Árborg, skipulags- og byggingardeild	Sveitarfélagið Árborg	1927-2012	3.0	
2024/75	Héraðsnefnd Árnesinga, ljósmynd	Lýður Pálsson	2024	0.03	
2024/76	Leikskólinn Árbær	Leikskólinn Árbær Selfossi	1995-2024	4.03	
2024/77	Bíldsfell	Svanfríður Guðmundsdóttir		0.03	
2024/78	Valdimar Jónsson (15.2.1937-26.5.2020), ljósmyndir	Sigrún Helga Valdimarsdóttir	1943-1967	0.06	
2024/79	Náttúruverndarsamtök Suðurlands	Hreinn Óskarsson	1971-1975	0.46	
2024/80	Björn Sigurbjarnarson (8.5.1891-3.3.1969) og Anna Eiríksdóttir (28.3.1904-22.9.1980)	Hreinn Óskarsson	1874-1973	1.22	
2024/81	Óskar Þór Sigurðsson (25.1.1930-9.7.2024) og Aldís Bjarnardóttir 7.3.1929-30.10.1991)	Hreinn Óskarsson		1.5	
2024/82	Stúkan Brúin, Selfossi	Hreinn Óskarsson	1948-1958	0.13	
2024/83	Pöntunarfélagið Atli, Selfossi	Hreinn Óskarsson	1953	0.03	



Afh.nr.	Heiti safns	Afhendingaraðili	Tímabil	HM	GB
2024/84	Menntaskólinn að Laugarvatni	Halldór Páll Halldórsson	1960-1970	0.06	
2024/85	Samkór Selfoss	Ingibjörg Stefánsdóttir	1993-2003	0.08	
2024/86	Ungmennafélag Selfoss, Shotokan karatedeild	Benedikt Karl Valdimarsson	1981-1992	0.03	
2024/87	Guðbjörg Svafa Björnsdóttir (22.2.1911-28.2.2000)	Sævar Ástráðsson	1900-1955	0.03	
2024/88	Ingimundur Marelsson (24.8.1937-), ljósmyndir	Ingimundur Marelsson		0.5	
2024/89	Héraðssambandið Skarphéðinn	Héraðssambandið Skarphéðinn	1985-2007	1.12	
2024/90	Guðrún Erna Tryggvadóttir (26.9.1968-) og Þórir Haraldsson (27.2.1964-)	Guðrún Erna Tryggvadóttir	1984-1991	0.08	
2024/91	Hlíð, Gnúpverjahreppi	Lýður Pálsson	1860-1965	0.14	
2024/92	Skíðaskálinn í Hveradölum	Price Waterhouse Coopers		0.05	
2024/93	Gunnar Dal (4.6.1923-22.8.2011)	Bókasafnið í Hveragerði		0.08	
2024/94	Héraðsskólinn á Laugarvatni	Menntaskólinn á Laugarvatni	1953-1983	1	
2024/95	Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis	Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis	1996-2016	0.03	
2024/96	Áveitan í Flóahreppi	Ungmennafélagið Þjótandi	2024	0.03	
2024/97	Pési- Fréttabréf Hrunamannahrepps	Hrunamannahreppur	2024	0.03	
2024/98	Heilbrigðisumdæmi Suðurlands	Kristjana Sigmundsdóttir	2008-2012	0.16	
2024/99	Vilhjálmur Einar Einarsson (29.12.1907-) og Jórunn Ingibjörg Guðmundsdóttir (12.10.1906-29.2.2000), Laugarbökkum	Helgi Eggertsson	1922-1997	0.27	
2024/100	Sandvíkurhreppur	Hreinn Óskarsson	1942-1947	0.05	
2024/101	Brunabótafélag Íslands, Selfossumboð	Hreinn Óskarsson	1940-1960	0.11	
2024/102	Veiðifélag Árnesinga	Hreinn Óskarsson	1946-1956	0.3	
2024/103	Selfosshreppur, kaupstaðanefnd	Hreinn Óskarsson	1972-1973	0.03	
2024/104	Helgi Guðmundsson (14.9.1929-20.5.2024)	Sveinn Helgason	1952-1996	0.08	
2024/105	Búnaðarfélag Gnúpverja	Ástríður Björk Steingrímsdóttir	1901	0.03	



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

